



Sveitarfélagið Vogar

Davíð Viðarsson

löndal 2

190 VOGAR

Garðabær, 16.5.2025

Málsnúmer: 202505-0019/-0020

IAS

Efni: Hafnargata og Jónsvör – skipulagslýsing.

Vísað er til tveggja erinda frá Sveitarfélaginu Vogar, dagsett 7. maí 2025, þar sem óskað er umsagna Náttúrufræðistofnunarum skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags og breytingar á aðalskipulagi.

„Fyrirhuguð uppbygging mun styðja við fjölbreyttara framboð af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu en jafnframt stuðla að verndun og varðveislu atvinnusögunnar með endurbyggingu elsta húshluta fyrrverandi fiskvinnsluhúss. Í endurbyggðum húshluta til vesturs verður gert ráð fyrir verslun- og/eða þjónustu og fjarvinnuaðstöðu (skrifstofuhótel). Í nýjum húshluta til austurs er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi með inngöngum, bíl- og hjólageymslum ásamt geymslum íbúða á jarðhæð en íbúðir verða á 2-4. hæð. Uppbygging á lóðinni styður við markmið sveitarfélagsins um fjölbreyttara búsetuform og nýtist bæjarbúum öllum vegna verslunar- og þjónusturýma og skrifstofuhótels.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir engar athugasemdir en bendir á að skipulagssvæðið liggur að Vogatjörn sem bæði er hverfisvernduð og hluti af svæði nr. 110 á C-hluta náttúruminjaskrár, Tjarnir á Vatnsleysuströnd, og þarf að taka tillit til þess við skipulagsvinnunna.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur